

## 1.0 Umsækjandi

Nafn	<input type="text"/>
Kennitala	<input type="text"/>
Heimilisfang	<input type="text"/>
Póstnúmer	<input type="text"/>
Bær	<input type="text"/>
Sími	<input type="text"/>
Fax	<input type="text"/>
Netfang	<input type="text"/>

Hér á eftir "umboðsmaður", sækir um skráningu á vef ISNIC sem umboðsmaður rétthafa .IS léna, með þeim réttindum og skyldum sem því fylgja.

## 2.0. Verksvið umboðsmanns

2.1. Umboðsmaður hefur milligöngu um skráningu léna í samræmi við úthlutunarreglur ISNIC hverju sinni. Umboðsmaður ber ábyrgð á að skráning í rétthafaskrá ISNIC sé rétt og fullnægjandi. Umboðsmaður sér um að kynna rétthöfum skráningarreglur íslenskra léna, þar með talið að ISNIC áskilur sér rétt til að hafna skráningu léna sem skráð eru með röngum og/eða ófullnægjandi upplýsingum um rétthafa og tengiliði. Það er á ábyrgð umboðsmanns að halda við skráningarupplýsingum um lén fyrir hönd rétthafa þeirra.

2.2. Umboðsmaður skal koma fram gagnvart ISNIC sem tengiliður rétthafa og skal annast alla umsýslu fyrir hönd erlends rétthafa léns á Íslandi. Umboðsmaður skal sjá til þess í samningi sínum við rétthafa léns að hann megi taka við gögnum frá ISNIC fyrir hönd rétthafa sé þess þörf. Þá getur umboðsmaður komið fram fyrir hönd rétthafa ef ágreiningsmál koma upp vegna lénsins.

2.3. Umboðsmaður verður skráður á lista yfir umboðsmenn á vef ISNIC sem umboðsaðili erlendra rétthafa .is léna.

2.4. NIC-auðkenni umboðsmanns er notað sem auðkenni tengiliðs rétthafa þeirra léna sem viðkomandi er umboðsmaður fyrir.

NIC auðkenni umboðsmanns

## 2.5. Skráning á heimasíðu ISNIC:

Nafn	<input type="text"/>
Heimilisfang	<input type="text"/>
Póstnúmer	<input type="text"/>
Bær	<input type="text"/>
Sími	<input type="text"/>
Fax	<input type="text"/>
Netfang	<input type="text"/>
Heimasíða	<input type="text"/>
NIC auðkenni	<input type="text"/>

## 3.0. Þjónustugjald

3.1. Umboðsmaður skal, ár hvert, greiða ISNIC sérstakt árgjald í samræmi við gjaldskrá ISNIC hverju sinni.

3.2. Skráning umboðsmanns fellur úr gildi ef greiðsla hefur ekki borist 60 dögum eftir gjalddaga reiknings.

## 4.0. Leynd og framsal

4.1. Allar upplýsingar sem umsókn þessari skulu skoðast sem trúnaðarmál. Óheimilt er að upplýsa þriðja aðila um málefni, sem stafa frá samningi þessum, nema með skriflegu leyfi gagnaðila.

4.2. Óheimilt er að framselja réttindi þau sem aðilum eru fengin með skráningu umboðsmanns, nema með skriflegu samþykki ISNIC.

## 5.0. Gildistími

5.1. Umboðsmaður getur sagt upp stöðu sinni hvenær sem er. Skráningargjald umboðsmanns er ekki endurgreitt. Uppsögn skal vera skrifleg.

5.2. Uppfylli umboðsmaður ekki lengur skilyrði skráningar, og hafi ekki bætt úr innan 30 daga frá því að ISNIC sendir tilkynningu þar að lútandi, áskilur ISNIC sér rétt til að afskrá umboðsmann án frekari viðvarana.

## Umsókn um skráningu umboðsmanns



Umboðsmaður

Undirskrift

Nafn

Kennitala

Sendið útfyllta umsókn ásamt fylgiritum á fax # 578-2031 eða í tölvupósti til [isnic@isnic.is](mailto:isnic@isnic.is).